

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1120

Dagsetning: 14. júlí 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Fjarfundur

Fundinn sátu: Ketill Berg Magnússon (KBM), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerðir síðustu fund

Afgreiðslu fundargerða framkvæmdastjórnar HH frá 23. júní 2026 og 30. júní 2026 var frestað.

2. Verkefni framkvæmdastjórnar

Umræður um helstu verkefni framkvæmdastjórnar.

3. Innleiðing teymisvinnu

Rætt var um tillögu að verkefni til að innleiða teymisvinnu í starfsemi HH með aðstoð frá utanaðkomandi sérfræðingi.

4. Teymisvinna í Heilsugæslunni Efra-Breiðholti

Fjallað um fyrirspurn frá heilbrigðisráðuneytinu um innleiðingu á teymisvinnu að sænskri fyrirmynd hjá HH. Ákveðið var að gera verkefnaáætlun fyrir innleiðingu aukinnar teymisvinnu á heilsugæslustöðvum og finna verkefnastjóra til að stýra verkefninu.

5. Verklag um notkun gervigreindar

Rætt var um að vinna verklag fyrir starfsfólk HH um notkun á gervigreind við dagleg störf. Ákveðið var að vinna drög og boða framkvæmdastjórn til vinnufundar til að klára verkið.

6. Mannauðsmál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

7. Launagreining starfsfólks

Farið var yfir greiningu á launum starfsfólks HH og samanburði við aðrar heilbrigðisstofnanir sem unnin var af skrifstofu kjara- og mannauðsmála hjá fjármálaráðuneytinu fyrir HH. Niðurstaða greiningarinnar er sú að grunnlaun flestra stétta innan HH séu sambærileg eða hærri en laun hjá öðrum stofnunum. Ákveðið var að birta niðurstöðurnar fyrir stjórnendum HH á fjarfundi í ágúst, og í kjölfarið fyrir

starfsfólki HH á innra vef stofnunarinnar. Þá var ákveðið að skoða sérstaklega laun starfshópa ef þau eru undir meðaltalslaunum.

8. Reglugerð um heilsugæslu

Rætt var um stöðu vinnu við umsögn HH um reglugerð um heilsugæslu, sem er í samráðsgátt stjórnvalda. Frestur til að senda inn umsögn hefur verið framlengdur en vinnan heldur áfram.

Aðgerðir og verkefni

- Ræða þarf við ráðgjafa sem heppilegur væri til samstarfs til að innleiða teymisvinnu, sjá lið 3.
Ábyrgð: KBM
- Svara þarf fyrirspurn heilbrigðisráðuneytisins varðandi innleiðingu teymisvinnu, sjá lið 4.
Ábyrgð: RÓE
- Hefja þar vinnu við verkefnaáætlun og finna verkefnastjóra vegna teymisvinnu á heilsugæslustöðvum, sjá lið 4.
Ábyrgð: KBM
- Vinna þarf drög að verklagi tengt gervigreind, sjá lið 5.
Ábyrgð: KBM
- Kynna þarf greiningu á launum starfsfólks HH fyrir stjórnendum og starfsfólki, sjá lið 7.
Ábyrgð: KBM, BJ
- Skoða þarf laun starfshópa sem eru undir meðaltalslaunum, sjá lið 7.
Ábyrgð: KBM
- Halda þarf áfram vinnu við umsögn um drög að reglugerð um heilsugæslu, sjá lið 8.
Ábyrgð: SDM, RÓE, NSK, ÍDH, KBM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:30.